



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Háskólahátíð
Háskólans á Akureyri**

10. júní 2023

Rektor Háskólans á Akureyri
og annað starfslið skólans,
útskriftarnemar,
góðir gestir

Hjartanlega til hamingju með daginn! Hátíð er hafin, gleði yfir góðum árangri, enn ein sönnun þess að þegar allt er með felldu uppsker fólki eins og það sáir. Þetta er ykkar stund, ágætu nemendur. Hér fenguð þið skírteini í hendur og getið nú hampað námsgráðu þegar þið leitið nýrra tækifæra til að sýna hvað í ykkur býr, ykkur sjálfum og samfélaginu öllu til heilla.

Kannski munuð þið sinna frekara námi og rannsóknum, í þessum skóla eða öðrum. En kannski bíður önnur vegferð, utan veggja háskólanna. Hvernig sem því verður háttað er einmitt svo brýnt að við tengjum sem best menntun og fræði við þjóðlífið allt. Á öðrum vettvangi getur takturinn vissulega verið annar en innan akademíunnar. Það er til dæmis engin uppskeruhátíð út um allan Eyjafjörð þessa dagana. Vinna er í fullum gangi. Heyskapur hófst í vikunni en svo kemur að verklokum að hausti.

Þangað til þarf að sinna starfinu, á sinn hátt eins og nemendur í skóla verða helst að stunda sitt nám af alúð svo árangur náist. Þetta eru gömul sannindi og ný en auðvitað breytist sumt í tímans rás. Í það minnsta einn bóndinn á þessum slóðum stytir sér vísit stundir í slættinum með Spotify og Storytel og heyfengur er núna geymdur í plastrúllum, ekki með eldra lagi.

Já, sumt breytist, annað ekki og þessu vil ég því halda fram: Við þurfum áfram að hafa fyrir hlutunum, við verðum að ganga í verkin en svo megum við

fagna þegar við sjáum árangur erfiðisins. Í stritinu sjálfu hjálpar okkur til muna að skipuleggja starfann, horfa fram í tímann og setja okkur markmið – og ekki síður að sýna þá dugnað, gefast ekki upp, hafa trú á okkur sjálfum.

Að undanfögnu hef ég notið þess að horfa á sjónvarpsþættina Aftureldingu. Söguhetjan breyska, handboltapjálfarinn Skarphéðinn, er víst ekki hentug fyrirmynd að öllu leyti en þessir frasar hans mega þó lifa: „Ég hata að tapa, mér líður eins og ég hafi kastað mér nöktum á naglabretti.“ Og svo sagði hann sömuleiðis: „Eigum við séns? Auðvitað eigum við séns. Við eigum alltaf séns, sama hvað tautar og raular.“

Svona þrautseigja og þrjóska koma sér vel. Ég skal samt viðurkenna að kannski er betra að kalla einhvern annan til vitnis. Árið 1851, nokkrum dögum fyrir þjóðfundinn fræga, festi Jón forseti þessi vísdómsorð á blað: „Eftir minni meiningu þá er seiglan okkar besti bjargvættur, og þá þarf ekki að kvíða, ef hún er óbilug.“

Jón Sigurðsson vissi sínu viti. Þrautseig manneskja er betur í stakk búin til að mæta áföllum, líklegri til að þola ágjöf, líklegri til að eflast við hverja raun frekar en að leita að afsökunum, blórabögglum og ástæðum til að gefast upp.

En auðvitað ráðum við ekki endilega ein við öll þau áföll eða áskoranir sem geta mætt okkur. Í skóla getur nám til dæmis reynst öðruvísi eða erfiðara en ætlað var, veikindi sett strik í reikninginn og ýmis ófyrirséð vandræði komið upp. Í ræðu sinni minntist rektor einmitt á þau áhrif sem heimsfaraldurinn hafði á allt ykkar nám, ágætu nemar. Þið megið vera stolt af því að hafa náð að halda ykkar striki í þeim hremmingum öllum.

En svona er þetta líka í heyönnum og öðrum búskap ef út í það er farið. Ekki verður þar við allt ráðið, þrátt fyrir gott skipulag og eljusemi. Þannig getur vætutíð gert usla og ef ykkur í þessum fallega höfuðstað Norðurlands finnst það ekki líklegt bið ég ykkur um að hafa í huga að ég kem hingað að sunnan.

Bætum því fyrirhyggju og varkárni við þá kosti sem hollt er að búa yfir í námi, leik og starfi. Aftur eigum við gamla speki að styðjast við. Konungsskuggsjá er norskt rit frá þrettándu öld sem varðveittist mestmegnis í íslenskum handritum – á þeim tíma þótti brýnt hér á landi að semja sögur og halda fróðleik til haga. Þarna er sem sagt ýmis góð ráð að finna auk hvers kyns visku um landsins gagn og nauðsynjar. „En árgalli verður með mörgum háttum,“ segir til að mynda á einum stað: „Það er stundum að óáran verður á korni og gefur þó jörð gras og hálm en stundum gefur hún hvorki.“

Nú vonum við auðvitað að svo verði ekki í sumar og fátt sem bendir til þess að jörð gefi ekki gras. En hvað með aðra árgalla, önnur hallæri? Þau eru nefnd nokkur í Konungsskuggsjá og loks komið að þeim misbrestum sem ég veit að við viljum öll forðast í þessu landi, almenningur og fólk í ábyrgðarstöðum:

„Nú er sá einn ótaldur árgalli er miklu er þyngri einn en allir þessir er nú höfum vér talda, ef óáran kann að koma í fólkið sjálft er byggir landið eða enn heldur ef árgalli kemur í síðu þeirra og mannvit og meðferðir er gæta skulu stjórnar landsins.“

Ágætu áheyrendur: Það er nefnilega svo að því færri sem hin ófyrirséðu vandamál eru, og því minni sem óvissan er um framtíðarhorfur, því betur líður fólki og því betri er þjóðfélagsskipanin. Ég er viss um að þið sem útskrifist hér og nú mynduð gjarnan segja við hvern sem heyra vill: Við höfum lagt hart að okkur og ætlum að gera það áfram, á þeim vettvangi sem við höfum valið okkur og viljum áfram skipa. Við viljum gera gagn í þessu samfélagi. En um leið biðjum við um sanngjörn skilyrði til þess. Við biðjum til dæmis um að geta reiknað út með meiri vissu frekar en minni hversu mikið við þurfum að leggja til hliðar svo að við getum keypt okkur þak yfir höfuðið.

Það markmið á ekki að vera auðvelt, einhver hægðarleikur. Það má vera erfitt en má það þó ekki vera fyrirsjáanlegt erfiði, eða í það minnsta eins fyrirsjáanlegt og mögulegt er?

Nú ætla ég ekki að halda því fram að ég hafi svör á reiðum höndum um hvernig hægt verði að búa svo um hnútana að lífsbaráttan verði viðráðanlegri að þessu leyti. Kannski ég beini því frekar til ykkar, sem hér útskrifist, vonandi með hugann barmafullan af hvoru tveggja, gamalkunnum fróðleik og ferskum hugmyndum.

Já, þið hafið aukið við ykkar menntun. Þá á ég við menntun í víðum skilningi, ekki aðeins skyldunám eftir skýrri námskrá heldur menntun sem menningu og mennsku, sem einlægan vilja til að bæta sig og þann heim sem maður lifir í. Þannig menntun snýst um eflingu þekkingar, víðsýni og visku. Þannig menntun snýst um fræðileg og heiðarleg vinnubrögð, hlutlægni frekar en fordóma, það hugrekki að standa með sannfæringu sinni en bera um leið virðingu fyrir ólíkum skoðunum og sjónarmiðum, rækta þann hæfileika að geta sett sig í spor annarra og sýnt samkennd.

Þar að auki má sérhverri menntun fylgja stolt yfir aukinni kunnáttu, stolt yfir námsgráðu ef því er að skipta, stolt yfir sérþekkingu sem ekki er á allra færi. Aftur á móti má slíkt menntastolt ekki breytast í dramb og mikillæti, menntasobb. Lítið gagn er í blindri virðingu fyrir fræðum og gráðum.

Ágætu kandídatar! Berið höfuðið hátt. Þetta er ykkar stund og ykkar er framtíðin, með okkur öllum sem viljum styrkja öflugt samfélag í þessu fallega landi okkar. Trúið á mátt ykkar og megin, frelsi til orðs og æðis. Um það orti Ólöf Sigurðardóttir svo vel, kennd við Hlaðir í Hörgárdal hér í grennd. „Vont og verst“ heitir kvæðið reyndar og læt ég lokalínurnar duga, enda mega þær heita

hollt veganesti þegar við fögnum saman þessum merka áfanga í lífi ykkar, á fallegum sumardegum:

Gott er að vera fleyg og fær
frjáls í hverju spori.
Sinnið verður sumarblær,
sálin full af vori.